

***Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um aðgengismerkingar fyrir húsnæði á vegum borgarinnar***

Lagt er til að útbúnað séu samræmdar aðgengismerkingar fyrir allt húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Merkingarnar sýni nauðsynlegar grunnupplýsingar um aðgengismál fyrir þau sem þurfa á góðu aðgengi að halda, t.d. hvort hjólastólanotendur hafi gott aðgengi inn í húsnæðið og hvort aðgengilegt salerni sé á staðnum. Upplýsingarnar væru birtar með merkingum á húsnæði sem og á vef Reykjavíkurborgar.

Aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks er falin frekari útfærsla sem leggja skal fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð að því loknu.

***Greinagerð***

Með samræmdu merkingakerfi má auðvelda fötluðu fólki að hafa yfirsýn yfir aðgengismál og átta sig á hvar það geti átt von á að aðgengi sé gott. Óvissa um aðgengismál getur valdið fötluðu fólki kvíða í daglegu lífi, t.d. þegar ekki er vitað hvort hægt sé að komast hindrunarlaust inn í húsnæði eða hvort aðgengilegt salerni sé á stað þar sem fatlað fólk ætlar að nýta sér þjónustu.